



Framkvæmda- fréttir 11. tbl. /06



Geir Jónsson í Dalsmynni við endurbyggingu brúar yfir Miðdalsgil á Bröttubrekku. Sjá opnu.

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta, Brattabrekka, 2006-2009

06-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á leiðinni:

1. Brattubrekka, frá Vesturlandsvegi (01) að Snæfellsnesvegi (54) alls 32,4 km.

Verktími er frá 1. október 2006 til 30. apríl 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 10. apríl 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl.14:00 þriðjudaginn 2. maí og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta, Mýrar

06-044

og Norðurárdalur, 2006-2009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum:

1. Snæfellsnesvegur (54) frá Vesturlandsvegi (01) að Heydalsvegi (55) alls 38,4 km.

2. Hringvegur (1) frá Borgarnesi að Vestfjarðarvegi (60) alls 35,6 km.

Verktími er frá 1. október 2006 til 30. apríl 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 10. apríl 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl.14:00 þriðjudaginn 2. maí og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 11. tbl. 14. árg. nr. 432 10. apríl 2006

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

Viktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin Framkvæmdafréttir

**Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Gamla brúin yfir Miðdalsgil á Bröttubrekku. Geir Jónsson að störfum við endurbygginguna.

Miðdalsgil

Þegar nýr vegur var lagður yfir Bröttubrekku 2001-2003 var ráðgert að rífa gömlu brúna yfir Miðdalsgil á Bröttubrekku. Geir Jónsson í Dalsmynni, Þór Konráðsson hjá Arnarfelli ehf. og fleiri góðir menn höfðu hins vegar áhuga á að lagfæra brúna og koma henni í upphaflegt horf. Fór svo að Geir fékk brúna til varðveislu með leyfi landeiganda sem er Stafholtskirkja. Geir hófst handa við endurbygginguna og lauk við að byggja upp handrið brúarinnar sl. sumar. Honum entist ekki aldur til að ljúka við brúarvængina því hann lést 6. nóvember sl. áttæður að aldri. Sigvaldi Arason tók þessar myndir af Geir við brúna 23. júlí 2005. Guðmundur A. Arason sendi myndirnar og þessar upplýsingar. Brúin var byggð 1931 af Sigfúsi Kristjánssyni brúasmið.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2006, austurhluti 06-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á austurhluta Norðaustursvæðis (frá Bakkafirði að Skeiðarársandi). Um er að ræða yfirlagnir, nýlagnir og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir	521.000 m ²
Nýlagnir	18.000 m ²
Flutningur steinefnis	8.500 m ³
Flutningur bindiefnis	900 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 10. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. apríl 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Þessi auglýsing birtist fyrst í 8. tbl. Framkvæmdafrétta sem var dagsett 20. mars. Nú hefur skiladegi verið breytt í 25. apríl og því er auglýsingin birt hér að nýju.

Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 04-006

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu Hringvegar á 14,4 km löngum kafla í Norðurárdal í Skagafirði, frá Kjálkavegi að Heiðarsporði. Innifalið í verkinu er gerð 61 m langrar brúar á Norðurá, steyptra stokka á Kotá og Króká auk varnargarða, víravegriðs og girðinga.

Helstu magntölur eru:

Vegagerð:

Bergskeringar	73.000 m ³
Fylling og fláafleygar	650.000 m ³
Ræsalögn	900 m
Neðra burðarlag	85.000 m ³
Efra burðarlag	27.000 m ³
Tvöföld klæðing	120.000 m ²
Frágangur fláa	360.000 m ²
Grjótvörn	38.000 m ³
Girðingar	34.000 m
Víravegrið	6.000 m
Reiðstígar	6.500 m ²

Brú á Norðurá

Mótafletir	1.098 m ²
Slakbent járnalögn	39 tonn
Spennt járnalögn	10 tonn
Uppspenna og grautun	16 stk.
Steypa	555 m ³

Stokkar á Króká og Kotá

Mótafletir	2.852 m ²
Slakbent járnalögn	39 tonn
Steypa	726 m ³

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 20. mars 2006. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. apríl 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Dettifossvegur, mat á umhverfisáhrifum

Frummatsskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum Dettifossvegur hefur verið lögð fram til athugunar hjá Skipulagsstofnun en skýrsluna má sjá í heild á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Nánar verður fjallað um þessa framkvæmd hér í blaðinu á næstunni. Eftirfarandi texti er tekinn lítið breyttur úr formála skýrslunnar.

Um er að ræða nýjan 50 km langan veg meðfram Jökulsá á Fjöllum að vestanverðu. Vegurinn liggur milli Hringvegur og Norðausturvegar og mun kallast Dettifossvegur.

Í samgönguáætlun Alþingis fyrir árin 2003-2014 er ekki tilgreind sérstök fjárveiting til vegar meðfram Jökulsá á Fjöllum að vestanverðu. Á samgönguáætlun Alþingis fyrir árin 2005-2008 eru byrjunarfjárveitingar, 468 m.kr. á árunum 2005-2008, til uppbyggingar Dettifossvegur.

Áætlað er að skipta framkvæmdinni í þrjá áfanga: I Hringvegur-Dettifoss, II Dettifoss-Vesturdalur, III Vesturdalur-Norðausturvegur. Stefnt er að því að framkvæmdir á áfanga I hefjist árið 2006 og þeim verði lokið haustið 2008.

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin og ber hún ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 var tillaga að matsáætlun kynnt á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Almennigur gat komið á framfæri athugasemdum og fyrirspurnum um matsáætlunina og gefið ábendingar um

hvernig skyldi staðið að einstökum þáttum matsvinnunnar. Þann 28. júlí 2004 sendi Vegagerðin tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Þann 20. september 2004 samþykkti Skipulagsstofnun matsáætlunina með nokkrum athugasemdum.

Vegagerðin hefur metið umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda í samræmi við matsáætlun og í samráði við ýmsa sérfræðinga. Í frummatsskýrslunni er tilhögun fyrirhugaðra vegafamkvæmda lýst og umhverfisáhrif þeirra metin. Frummatsskýrslan skiptist í tíu kafla auk þess sem teikningahefti og fylgiskjöl fylgja henni.

Frummatsskýrsla er lögð fram til athugunar hjá Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.br. Stofnunin mun við athugunarferlið leita umsagnar opinberra umsagnaraðila og athugasemda almennings. Innan átta vikna mun Skipulagsstofnun senda Vegagerðinni umsagnir og athugasemdir sem hafa borist. Í kjölfarið mun Vegagerðin vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu þar sem gerð verður grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og tekin afstaða til þeirra. Matsskýrsla verður send Skipulagsstofnun sem hefur 4 vikur til að gefa álit sitt á hvort skýrslan uppfylli lög nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum og hvort umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt.



Vegagerð í Skolladal, skammt frá Húsafelli sumarið 2005. D8K jarðýta rípar glerhart setberg, en D7G og D6D ýta frá. Verktaki Jörvi hf. Mynd Reynir Ásberg.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
06-040 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009	06	
06-037 Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	06	
06-033 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti	06	
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	06	
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Hella	06	
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	06	
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	06	
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	06	
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	06	
06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná	06	
06-025 Hólavegur (767), Hólar - Hólalax	06	
06-023 Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)	06	
06-022 Uxahryggjarvegur (52) um Tröllháls	06	
06-032 Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hvalfjarðargöng - Borgarnes	06	
06-034 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, norðurhluti	06	
06-021 Vestfjarðavegur (60) í Þorskafirði	06	
06-020 Heggstaðanesvegur (702) og Þingeyravegur (721)	06	
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	06	
06-018 Víðidalsvegur (715), Hrap্পstaðavegur - Dæli	06	
06-019 Melasveitarvegur (505) um Súlnes	06	
06-016 Þverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrókur	06	
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufa	06	
06-014 Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá	06	
06-011 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði	06	
06-010 Mólburður og styrkingar Norðaustursvæði	06	
06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	06	
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	06	
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	06	
06-006 Upphéraðsvegur (931), Setberg - Ormarsstaðá	06	
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	06	
05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli	06	
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	06	
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	06	
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	06	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-044 Vetrarþjónusta, Mýrar og Norðurárdalur 2006-2009	10.04.06	02.05.06
06-043 Vetrarþjónusta, Brattabrekka 2006-2009	10.04.06	02.05.06
06-009 Yfirlagnir Norðaustursvæði, austurhluti	10.04.06	25.04.06

Auglýst útboð, frh.	Auglýst:	Opnað:
06-013 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg	03.04.06	25.04.06
06-045 Niðurrekstrarstaurar á Norðvestursvæði 2006	03.04.06	25.04.06
06-008 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2006	03.04.06	18.04.06
06-041 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði 2006-2008	27.03.06	11.04.06
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	20.03.06	25.04.06
06-036 Hringvegur (1), Þorlákshafnarvegur - Hafravatnsvegur, hönnun	13.03.06	11.04.06

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
06-038 Skálavegur (246), Hringvegur - Núpar	13.03.06	28.03.06
06-039 Yfirborðsmerkingar með sprautuplasti á Suðursvæði og Norðaustursvæði 2006-2008	13.03.06	28.03.06
05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit	30.01.06	28.03.06
05-035 Héðinsfjarðargöng	10.10.05	21.03.06
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	27.02.06	14.03.06
05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06	07.03.06
05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	13.02.06	07.03.06
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	09.01.06	31.01.06

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
06-012 Efnisvinnsla Suðursvæði 2006 <i>Fossvélar ehf.</i>	14.03.06	29.03.06
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Brekka 1. áfangi <i>Burkney ehf.</i>	31.01.06	03.04.06

Niðurstöður útboða

Héðinsfjarðargöng, eftirlit seinni opnun ⁰⁵⁻⁰⁷²

Tilboð opnuð 4. apríl 2006. Eftirlit með gerð Héðinsfjarðarganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Jarðgöngin eru um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar. Breidd ganganna er 8,6 m. Heildarlengd vegskála er um 450 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 2 km langs vegar í Siglufirði, um 0,6 km vegkafla í Héðinsfirði og samtals um 0,6 km langs vegar í Ólafsfirði yfir brú á Ólafsfjarðarósi ásamt tengingum við gatnakerfi Ólafsfjarðar. Einnig er innifalin breikkun á 0,7 km vegarkafli í Siglufirði og gerð tenginga í Siglufirði, Héðinsfirði og Ólafsfirði. Byggja á 14 m langa brú yfir Héðinsfjarðará. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (kr.)
Áætlaður verktakakostnaður		300.000.000
GeoTek ehf., Reykjavík	60	362.250.000